

Mánudaginn 29. september 1958.

Nr. 115/1958. **Ákærvaldið**
 gegn

Thomas R. Roberts.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarrar Hæstaréttar.

Kært ákvæði héraðsdóms um réttarfarssekt.

Dómur Hæstaréttar:

Guðjón Valgeirsson, fulltrúi lögreglutjórans á Keflavíkurflugvelli, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Stefán Guðjohnsen héraðsdómslögmaður hefur með kæru 5. júní 1958, er hingað barst 9. ágúst s. l., kært til Hæstaréttar ákvæði í dómi sakadóms Keflavíkurflugvallar um réttarfarssekt, sem honum var gert að greiða. Hann krefst þess, að sektarákvæðið verði fellt niður og honum endurgreiddur kostnaður af kærumálinu.

Ummæli þau í varnarskjali í héraði um tvo nafngreinda lögreglumenn og héraðsdómarann, sem kæranda er dæmd sekt fyrir, eru mjög meiðandi fyrir þá og hafa ekki verið réttlætt. Er sektin fyrir þau engan veginn of hátt ákveðin. Verður kærinni því ekki sinnt.

Dómsorð:

Hið kærða dómsákvæði á að vera óraskað.

Dómur sakadóms Keflavíkurflugvallar 4. júní 1958.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn ákærða, Thomas Russel Roberts varnarliðsmanni, Brekkustíg 8, Ytri-Njarðvík, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, útgefnu í varnarmáladeild utanríkisráðuneytisins, dagsettu 7. maí s.l., fyrir áfengis- og bifreiðalagabrot samkvæmt 1. mgr. 24. gr. áfengis laga nr. 58/1954 og 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, með því að aka bifreiðinni J 02144 eftir vegum á Keflavíkurflugvelli undir áhrifum áfengis föstudaginn 21. febrúar 1958 um kl. 21.45, til vara fyrir að aka nefndri bifreið haldinn slíkri þreytu eða sljóleika sökum undanfarinnar neyzlu áfengis, að hann gat ekki á

tryggilegan hátt stjórnað bifreiðinni, en það varðar við 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaga.

Ákærast því nefndur Thomas Russel Roberts til refsingar samkvæmt 45. gr. áfengislaga og 38. gr. bifreiðalaga, sbr. 2. gr. laga nr. 6/1951, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 24. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur. Hann er fæddur 1. janúar 1914 í Kansas, Bandaríkjum Norður-Ameríku, og hefur áður, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum hér á landi:

Á Keflavíkurflugvelli:

1956 7/9 Sátt, 400 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

1957 13/5 Sátt, 600 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

— 12/3 Sátt, 400 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

Málavextir eru þeir, að föstudaginn 21. febrúar s.l. kl. 21.45 kom ákærði akandi í bifreiðinni J 02144 í aðalhlið Keflavíkurflugvallar á leið út af flugvallarsvæðinu. Við athugun á ákærða, sem þarna fór fram, vegna þess að lögreglumaður hafði séð bifreiðina renna til á veginum nokkru ofan við hliðið, fannst lögreglumanni nr. 1, vitninu Bjarna Júlíusi, nauðsynlegt, að hann (ákærði) væri færður til blóðtöku vegna alkóhólsrannsóknar, en henni neitaði ákærði.

Vitnið Bjarni Júlíus Gíslason lögregluþjónn ber, að ákærði hafi verið alláberandi undir áhrifum áfengis, er hann kom akandi í flugvallarhliðið umrætt sinn, og nefnir til marks um það, að sterka áfengislykt hafi lagt af vitum hans, hann hafi verið loðmæltur og reikull í spori, og að augu hans hafi verið vot og þrútin.

Vitnið Sigurður Björn Jónsson lögregluþjónn segir, að ákærði hafi verið áberandi ölvaður, er hann kom akandi í flugvallarhliðið umrætt sinn. Byggir vitnið það á því, að sterka áfengislykt hafi lagt af vitum hans, hreyfingar hans hafi verið mjög óvissar, augu hans sljó og litarháttur rauður og málfar drafandi.

Ákærði viðurkenndi í áheyrn beggja þessara vitna að hafa neytt áfengis um kvöldið, en gat ekki um hve mikils.

Vitnið Einar Ingimundarson lögregluþjónn var staddur á her sjúkrahúsi, er komið var með ákærða þangað umrætt sinn. Vitnið segir ákærða hafa þá verið áberandi ölvaðan og telur til marks um það, að greinilega áfengislykt hafi lagt af vitum hans, hreyfingar hans verið allfálmkenndar, málrómur drafandi og ræða samhengislaus.

Öll þessi vitni hafa unnið eið að framburðum sínum.

Vitnið Andrew Joseph Sayers höfuðsmaður var í samkvæmi með ákærða umrætt kvöld, áður en hann var handtekinn. Vitnið getur ekki sagt um, hvort ákærði neytti þarna áfengis eða ekki. Vitnið sá ákærða um það leyti, sem hann fór, og tók þá ekki eftir neinum ölvunarkerkjum á honum. Vitnið kveðst hafa neytt 2—3 glasa af áfengi í samkvæminu á þeim tíma, sem ákærði var þar.

Vitnið Marie Baily sá ákærða neyta einhvers áfengis í samkvæminu, en getur ekki sagt um hve mikils. Þá tók vitnið ekki eftir því, hvort ákærði var drukkin umrætt sinn eða ekki. Sjálfst kvaðst vitnið hafa neytt lítilsháttar víns í samkvæminu.

Vitnið John Imon Baily sá ákærða neyta 2—3 glasa af víni í samkvæminu, en telur, að hann hafi ekki orðið drukkin af því. Ákærði yfirgaf samkvæmið laust eftir kl. 21.00 um kvöldið.

Ákærði hefur sjálfur komið fyrir dóm og skýrt frá því, að hann hafi í samkvæmi umrætt kvöld neytt þriggja glasa af whiskyblöndu á tímabilinu frá kl. um 19.00 til kl. um 20.30, Um kl. 21.30 kveðst hann hafa yfirgefið samkvæmið og neitar algerlega að hafa fundið til áfengisáhrifa, er hann ók og verið í alla staði vel fyrirhallaður þá.

Með framburði vitnanna Bjarna Júlíusar, Sigurðar Björns og Einars, sem öll hafa unnið eið að framburðum sínum, þrátt fyrir framburð ákærða, þykir sannað, að hann, ákærði, hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreiðinni J 02144 eftir vegum á Keflavíkurflugvelli föstudaginn 21. febrúar s.l. um kl. 21.45 og þar með gerzt brotlegur við þau ákvæði laga, sem í aðalkæru ákæruskjals greinir.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin samkvæmt 45. gr. áfengislaga og 38. gr. bifreiðalaga, sbr. lög nr. 6/1951, 1600.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Frá sama tíma ber samkvæmt 24. gr. áfengislaga og 39. gr. bifreiðalaga að svipta ákærða ökuleyfi í 6 mánuði.

Eftir málalokum ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Guðjohnsens hdl., kr. 600.00.

Í skriflegri vörn sinni hefur skipaður verjandi ákærða, Stefán Guðjohnsen, viðhaft mjög ósæmileg og hneykslanleg ummæli um lögreglumenn þá, sem bera vitni í málinu, svo og dómarrann, m. a. svofelld: „Í frumskýrslu lögregluþjónsins Sigurðar B. Jóns-

sonar segir, að skjólst. m. hafi alls ekki talizt ferðafær sökum áberandi ölvunar og telur þar til sönnunar ýms einkenni. Bjarni J. Gíslason lögregluþjónn tekur hins vegar ekki svona mikið upp í sig, en segir, að hann hafi verið alláberandi undir áhrifum áfengis. Hér á er mikill munur, sem bendir til þess, að annar hvor, sennilega sá fyrrnefndi, fari með rangt mál og það vísvitandi, og hafi hann hér því unnið rangan eið“. „Sem betur fer kemur ýmislegt fram í þessu máli, sem bendir eindregið til þess að lögreglumennirnir vinni hér eið að meiru en þeir geta staðið við“. „En það vill svo til, að þessi maður (herlæknir) er ekki kallaður fyrir dóminn sem vitni. Mér er nær að halda, að rannsóknardómaranum hafi hér ekki yfirsézt, heldur sé þetta gert af ásettu ráði.“ „Nei, hér ber allt að sama brunni og í nokkrum öðrum málum, sem ég hef haft afskipti af fyrir þessum virðulega dómi. Sjálfsögðum málskjölum er stungið undir stól og maður er síðan vændur um málalengingar og þras, geri maður kröfu um, að sjálfsögð málsmeðferð sé viðhöfð. Vottar eru engir hafðir við réttarhöldin og sakavottorðs er ekki aflað“. „Þótt full ástæða væri til framhaldsrannsóknar, geri ég ekki kröfu um hana, svo sem mál þetta er vaxið, en legg málið í dóm . . .“

Ber því samkvæmt 160. gr. sbr. 159. gr. laga nr. 27 frá 5. marz 1951 um meðferð opinberra mála að dæma hann í 500.00 króna sekt til ríkissjóðs vegna ummæla þessara.

Málið hefur verið rekið vítalaust.

Dómsorð:

Ákærði, Thomas Russel Roberts, greiði 1600.00 króna sekt til ríkissjóðs og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að telja.

Frá sama tíma er ákærði sviptur ökuleyfi í 6 mánuði. Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlauun skipaðs verjanda síns, Stefáns Guðjohnsens hdl., kr. 600.00.

Stefán Guðjohnsen hdl. greiði kr. 500.00 í réttarfarssekt til ríkissjóðs.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.